

1881. ins þann 50 ríkisdala styrk á ári, sem um er rætt í bréfi yðar
 5. júlím. 24. nóvemberm. f. á., til viðurbalds bryggju þeirrar, er þeir
 Valdemar kaupmaður Fischer og fl. hafa byggt, og ætlaðt var
 til að aptur á móti mætti borgunarlaust nota til almennra þarfa.

5. júlím. 30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
 yfir Íslandi, um að nefnd sú, er sett var í Reykja-
 vík vegna fjárkláðans, skuli leyst frá starfa sínum.

Það ætla má, að fjárkláðinn sé nú hættur að geysa á Ís-
 landi, eptir því sem frá er skýrt í bréfi yðar, herra stiptamt-
 maður, 23. marzm. þ. á., og skýrslu þeirri, er því fylgdi, frá
 fjárlækninga nefnd þeirri, er sett var til bráðabyrgða í Reykja-
 vík, þá ber nú að leysa nefnd þessa frá starfa sínum, samkvæmt
 tilmælum hennar í skýrslu þeirri, er nú var getið.

Þetta sé yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbein-
 ingar, og til þess að þér gjörði það, er þarf í því efni. Um
 leið skal því við bætt, að þar sem nefndin í skýrslu sinni hefir
 borið upp ýmsar kvartanir yfir því, að málið ekki hafi orðið að-
 njótandi þess styrks, sem æskilegt hefði verið, af hálfu yfirvald-
 anna, og þar á meðal einnig stiptamtmanns, þá virðist dóms-
 málastjórninni, að kvartanir nefndariinnar yfir aðferð yðar í kláða-
 málinu, sem stjórnarráðinu yfir höfuð líkar vel, séu ástæðulausar.

Þegar búið er að leysa nefndina frá starfa sínum, vonast
 stjórnarráðið eptir að fá skýrslu yðar um það.¹

5. júlím. 31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
 og amtmannanna á Íslandi, um tekjur, er sýslu-
 menn greiða í jarðabókarsjóðinn eður í aðalfé-
 hirzlu ríkisins.

Það þeir menn, sem hafa á hendi endurskoðun á reikn-

1) Sama dag var hinum amtmönnum á Íslandi tilkynnt, að stipt-
 amtmanni hefði verið ritað um að leysa nefndina frá starfa sínum.